Ed. 639. Breytingartillaga [241. mál]

við frv. til laga um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

3. gr. orðist svo:

Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu í manneldismálum.

Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs.